

## Fundargerð

### 3. Fundur stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja. Ársfundur samningsins fyrir árið 2007.

Haldinn að Hótel Rangá, Rangárþingi ytra, 17. september 2008 kl. 12:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Berglind Hallgrímsdóttir, Sveinn Þorgrímsson, Þorvarður Hjaltason, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Einar Mathiesen, Hermann Ottósson, Guðmundur G. Gunnarsson og Björn Sigurðsson. Gestir fundarins voru: Gísli Sverrir Árnason, Helga Þorbergsdóttir og Einar Sveinbjörnsson.

Einnig mætt:

Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir, Eygló Harðardóttir og Hrafn Sævaldsson, sem jafnframt skrifaði fundargerð. Öll eru þau starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Kl. 12:00 á, undan formlegum fundi, var stjórn VSSV boðið til hádegisverðar á Hótel Rangá. Grímur Gíslason, framkvæmdastjóri hjá Grími kokki ehf. flutti erindi um verkefni sitt, sem stutt er af VSSV. Kl. 13:00 var gengið til hefðbundinnar dagskrár.

Áður en formlegur fundur hófst voru fundarmönnum afhent fundargögn: Ársskýrsla VSSV fyrir árið 2007, auk Ársreiknings VSSV fyrir árið 2007.

#### 1. Setning fundar.

Formaður stjórnar setti fund.

#### 2. Ávarp frá iðnaðarráðuneytinu

Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu flutti ávarp. Í upphafi flutti hann kveðju Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra. Sveinn lýsti ánægju ráðuneytisins með störf samningsins til þessa, um leið og hann óskaði samningnum góðs gengis í framtíðinni.

#### 3. Formaður stjórnar VSSV

Friðrik Pálsson, fulltrúi iðnaðarráðuneytisins fór stuttlega yfir það starf sem unnið hefur verið innan samningsins.

#### 4. Safnaklasi á Suðurlandi

Gísli Sverrir Árnason, verkefnisstjóri hjá R3 ráðgjöf, kynnti safnaklasaverkefnið, sem stutt var af VSSV. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með verkefnið og spurðu Gísla nánar út í verkefnið.

#### **5. Skýrsla framkvæmdaaðila VSSV**

Sædís Íva Elíasdóttir, framkvæmdastjóri APS fór yfir það starf sem APS hefur unnið fyrir VSSV. Vildi hún sérstaklega þakka Róberti Jónssyni, f.v. framkvæmdastjóra APS fyrir hans framlag til samningsins. Einnig vildi hún þakka Elvari K. Valssyni, sem starfaði í framkvæmdaráði á árinu 2007, en hefur hætt störfum í ráðinu. Farið var yfir framkvæmd samningsins á árinu 2007. Í máli hennar kom m.a. fram að á árinu 2007 voru samþykkt framlög til 16 verkefna í formi fjármagns og vinnuframlags. 4 verkefni ná yfir allt starfssvæðið, 12 verkefni eru staðbundin. 5 umsóknum var hafnað á árinu.

#### **6. Ársreikningur VSSV fyrir árið 2007**

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi fór yfir Ársreikning VSSV fyrir árið 2007. Engar athugasemdir komu fram varðandi Ársreikninginn.

#### **7. Háskólafélag Suðurlands ehf.**

Steingerður Hreinsdóttir, formaður stjórnar Háskólafélags Suðurlands og Helga Þorbergsdóttir, stjórnarmaður í félaginu, kynntu ýtarlega starfsemi Háskólafélags Suðurlands ehf., núverandi starf og þá framtíðarsýn sem félagið hefur á háskólamáli á Suðurlandi. Ýmsar áhugaverðar umræður sköpuðust um félagið og störf þess. Fundarmenn lýstu almennt ánægju sinni með þann farveg sem verkefnið er komið í.

#### **8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru borin upp

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:00